

340. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 22. júní 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
 Jón Bjarki Jónatansson í fjarveru AK
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Fundargerð 172. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 15. júní 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 219. fundar fræðslunefndar, dags. 7. júní 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 218. fundar menningarnefndar, dags. 13. júní 2023, ásamt úttektarskýrslu á sýningarrými Pakkhússins í Ólafsvík og safnageymslu á Hellissandi, dags. 24. - 26. maí 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 14. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 14. júní 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerðir 929. og 930. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. júní og 15. júní 2023.**
 Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerðir 182. og 183. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 12. júní og 14. júní 2023.**
 Lagt fram til kynningar.
- 7) **Skýrsla stjórnar Nývest 2022-2023.**
 Lagt fram til kynningar.
- 8) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. júní 2023, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Línulífs ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Helluhóli 9 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**
 Umrætt hús stendur í botnlanga í íbúðagötu þar sem er skilgreint íbúðasvæði skv. aðalskipulagi. Gistiheimili á þessum stað myndi valda miklum óþægindum fyrir íbúa götunnar og því getur bæjarráð ekki heimilað slíkt þar sem viðkomandi eign er íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði skv. aðalskipulagi.
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna fyrir sitt leyfi umsókn um leyfi til reksturs gististaðar að Helluhóli 9 á Hellissandi, Snæfellsbæ.
- 9) **Stytting vinnuvikunnar í leikskóla Snæfellsbæjar – vísað úr bæjarstjórn.**
 Bæjarráð samþykkti að fresta afgreiðslu þessa erindis til næsta fundar bæjarráðsfundar.
- 10) **Tillaga að gjaldskrá leikskólagjalda – vísað úr bæjarstjórn**
 Bæjarráð samþykkti að fresta afgreiðslu þessa erindis til næsta bæjarráðsfundar.
- 11) **Tillaga að reglum um heimgreiðslur til foreldra – vísað úr bæjarstjórn.**
 Bæjarráð samþykkti framlagðar reglur um heimgreiðslur samhljóða.
- 12) **Bréf frá bæjarritara, dags. 26. maí 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna barnaverndarmála.**
 Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu til barnaverndarmála.

100
23
S

13) Minnispunktar bæjarstjóra

- a) Bæjarstjóri fór yfir sorpmálín.
- b) Bæjarstjóri fór yfir tjaldstæðismálín.
- c) Bæjarstjóri fór yfir tilboð í viðgerð á þakinu á grunnskólanum á Hellissandi. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við tilboðasaðila.
- d) Bæjarstjóri sagði frá því að regnbogagatan í Ólafsvík hafi verið endurmáluð í vikunni.
- e) Bæjarstjóri sagði frá því að verið er að setja niður salerinsgám á Armarstapa. Hann ætti að vera tilbúinn til notkunar fyrir helgi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10

Júníana Björg Ottarsdóttir

Jón Bjarki Jónatansson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari